

Tillaga til þingsályktunar

um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

Flm.: Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjánsson, Guðmundur Andri Thorsson, Helga Vala Helgadóttir, Logi Einarsson, Oddný G. Harðardóttir, Rósa Björk Brynjólfsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra, í samráði við félags- og barnamálaráðherra, að setja fram áætlun um hvernig tryggja megi að í grunn- og framhaldsskólum starfi félagsráðgjafar sem nemendur geti leitað til. Ráðherra hafi jafnframt samráð um málefnið við Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélag Íslands, auk annarra félagasamtaka eftir því sem við á. Ráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um verkefnið eigi síðar en 1. apríl 2021 og skal fylgja henni kostnaðaráætlun og tillaga að fyrirkomulagi kostnaðarskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 150. löggjafarþingi (647. mál). Með tillögunni er lagt til að mennta- og menningarmálaráðherra verði falið, í samráði við félags- og barnamálaráðherra, að setja fram áætlun um hvernig tryggja megi að í grunn- og framhaldsskólum starfi félagsráðgjafar sem nemendur geti leitað til. Markmið tillögunnar er að nemendum standi til boða þjónusta félagsráðgjafa óháð stærð skóla en stöðuhlutfall þeirra gæti farið t.d. eftir fjölda nemenda. Ráðherra er falið að útfæra nánar með hvaða hætti þjónustan verði veitt. Þá er lagt til að ráðherra hafi jafnframt samráð um málefnið við Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélag Íslands og önnur félagasamtök eftir því sem við á, t.d. Kennarasamband Íslands. Þá benda flutningsmenn á mikilvægi þess að hafa virkt samráð við börn og ungmenni í þessum efnunum. Í skýrslu ráðherra til Alþingis um verkefnið skulu m.a. koma fram tillögur um næstu skref og greining á því hvort gera þurfi lagabreytingar til að ná markmiði þingsályktunartillögunnar.

Fjölmargar rannsóknir hafa á undanförunum árum sýnt fram á mikilvægi snemmtækra úrræða hvað varðar félagslega þjónustu við börn og ungmenni. Fræðimenn hafa bent á að enginn vettvangur sé jafn kjörinn og skólinn til þess að búa ungmenni undir flókið líf í flóknu samfélagi. Sú reynsla sem börn fá í skóla geti haft jákvæð og langvarandi áhrif á félagslega velferð þeirra og því sé mikilvægt að líta á skólann sem lykilþátt við forvarnir og stuðningsúræði fyrir börn. Í því sambandi má nefna börn sem standa frammi fyrir áföllum í fjölskyldum, svo sem vegna skilnaðar eða andláts, börn sem búa við vanrækslu og ofbeldi og börn sem búa við fátækt. Íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að börn sem búa við framantaldar aðstæður eiga oftast við sálfélagslega erfiðleika að stríða en önnur börn og eru í meiri áhættu gagnvart námsvanda og brotthvarfi frá námi.

Samhliða samfélagsbreytingum á undanförunum áratugum, sem hafa m.a. haft áhrif á hlutverk og aðstæður íslenskra fjölskyldna, hefur félagsmótunarhlutverk skóla aukist og náð til margþættari verkefna. Sú staða veldur auknu álagi á kennara og aðra starfsmenn skóla vegna

margvíslegra úrlausnarefna sem þeir standa frammi fyrir við að sinna velferð og vellíðan nemenda. Í því sambandi má benda á sameiginlega könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara frá árinu 2012 sem lögð var fyrir grunnskólakennara og var gerð í þeim tilgangi að fá nánari mynd af ýmsum þáttum er lúta að skólastarfi og starfi kennara. Niðurstöður sýndu að þrír kennarar af hverjum fjórum sögðu að álag í starfi hefði aukist mikið. Aðspurðir um hvað væri erfiðast í starfinu nefndu kennarar einkum eftirfarandi atriði: samstarf við foreldra þegar barn fær ekki næga aðstoð heima vegna ófullnægjandi heimilis- aðstæðna, hegðun nemenda og aukinn fjöldi agavandamála, flókin eineltismál sem torvelt er að uppræta og barnaverndarmál þar sem þungbært er að horfa upp á vanrækt börn.

Niðurstöður nýlegrar rannsóknar á upplifun og reynslu fagmenntaðra starfsmanna grunnskóla af stuðningi við nemendur með námserfiðleika benda einnig til þess að álag sé að aukast. Aukið og illviðráðanlegt álag fylgi því að láta sig varða velferð hvers barns. Niðurstöðurnar sýna að kennurum er það mikil áraun að horfa upp á börn sem glíma við vanlíðan, áföll í fjölskyldum, fátækt og félagslega útskúfun, og upplifa sig hjálparvana í þessum aðstæðum. Að mati kennara skortir aðstoð fagfólks í slíkum málum.

Skólafélagsráðgjöf.

Upphaf félagsráðgjafar í skólum er rakið til Bandaríkjanna í kringum aldamótin 1900. Ástæðan fyrir því að félagsráðgjafar voru ráðnir til skóla var að þekking þeirra á félagslegum vanda, svo sem vegna fátæktar, vanheilsu og félagslegrar stöðu lágtekjufólks, og á þeim áhrifum sem slíkar aðstæður gætu haft á börn var álitin mikilvæg fyrir skólann. Til að byrja með fólust störf félagsráðgjafanna aðallega í því að vera tengiliðir á milli heimila og skóla og bera kennsl á orsakir að baki erfiðleikum barna. Í dag eru skólafélagsráðgjafar starfandi í 53 löndum. Samkvæmt upplýsingum frá fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa innan Félagsráðgjafafélags Íslands eru félagsráðgjafar starfandi í 12 skólum hér á landi, þar af í átta grunnskólum og fjórum framhaldsskólum.

Markmið skólafélagsráðgjafar er að greina og meta þá þætti sem geta haft áhrif á námsferlið og almenna líðan, og vinna að frekari þróun forvarna- og stuðningsúrræða fyrir nemendur til að tryggja að allir geti notið sín í skólaumhverfinu. Með þekkingu sinni á einstaklingsþroska, fjölskyldusamskiptum, löggjöf, þjónustustofnunum og félagslegum úrræðum mynda skólafélagsráðgjafar mikilvæga brú á milli skóla, fjölskyldu og samfélags. Með heildarsýn að leiðarljósi vinna þeir í samstarfi við annað fagfólk innan skóla og annarra stofnana í þverfræðilegri nálgun, ásamt því að veita kennurum handleiðslu og ráðgjöf. Hugmyndafræðileg nálgun og faglegur grunnur í vinnuaðferðum félagsráðgjafa byggist á heildarsýn og kerfishugsun.

Í ljósi þess aukna álags sem skólar standa frammi fyrir við að sinna nemendum í viðkvæmri stöðu er brýnt að fjölga félagsráðgjöfum í grunn- og framhaldsskólum. Félagsráðgjafar vinna út frá heildarsýn í málum hvers og eins ásamt því að stuðla að samstarfi skólans við aðrar velferðarstofnanir sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, svo sem barnavernd og félags- og heilbrigðisþjónustu. Þannig getur skólinn betur sinnt velferðarhlutverki sínu og markvissu forvarnastarfi til að koma í veg fyrir að vandi þróist og verði illviðráðanlegur með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið. Að mati flutningsmanna væri með aðgerðum samkvæmt þingsályktunartillögu þessari stigið skref í þá átt að efla forvarnastarf og snemma taka íhlutun sem mundi leiða til meiri hagræðingar og aukinnar skilvirkni þjónustu í þágu barna og fjölskyldna þeirra, og væri liður í því að spyrna við brotthvarfi nemenda í framhaldsskólum.